



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarvið, Eignaskrifstofa

---

### **Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bættu aðstöðu fyrir strætófarþega í Mjódd**

Á fundi borgarstjórnar þann 3. janúar 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar borgarráðs:

*„Lagt er til að ráðist verði í umbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi umbætur: 1. Kvöldopnun: Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Gæsla í biðsalnum verði aukin og salernisþrifum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað og þau löguð, sem fyrir eru. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka“*

Auglýst var árið 2015 eftir áhugasömum aðilum sem hefðu áhuga á að vera með rekstur í þessu húsnæði samhliða því að sjá um farþega strætó. Auglýsing skilaði ekki árangri. Auglýst var aftur í mars 2019 og skilaði einn aðili inn tilboði. Núverandi rekstaraðili hefur sagt upp leigusamningi og verður aðstaða auglýst aftur og tekið tillit til þessara ábendinga.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa